

**Mál nr. 301/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.**

**Ökutæki: (A)**

**Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. september 2022, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að aka eftir Vesturlandsvegi og lent framan á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Hún hafi ekki verið meðvituð um þessa ákvörðun að aka yfir á hinn vegarhelminginn og vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem fram komi að valdi ökumaður tjóni af stórfelldu gáleysi eða undir áhrifum áfengis eða fíkniefna tapist eða minnki réttur til bóta. M hafnar því að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hún hafi verið að aka á Vesturlandsvegi og keyrt yfir á rangan vegarhelming en segist ekki hafa vitað hvað olli slysinu en telur sig í mesta lagi hafa sýnt af sér gáleysi en ekki stórkostlegt gáleysi. Hún hafi ekki verið syfjuð eða neytt áfengis og var ekki í símanum. Verði ekki fallist á þetta telur M að 25% skerðing á bótum sé of mikil því ekkert bendi til þess að um hafi verið að ræða meðvitaða ákvörðun eða að háttsemi hennar hafi með einhverjum hætti borið vott um skeytingarleysi um aðsteðjandi hættu.

Í bréfi V kemur fram að það sé engin skýring á háttsemi M en háttsemin sem slík sé til þess fallin að valda stórkostlegri hættu. Hún hafi ekið yfir heila línu yfir á rangan vegarhelming sem sé brot á 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður sem á móti kom hafi reynt að víkja til hægri en allt hafi komið fyrir ekki og áreksturinn orðið.

**Álit.**

Í 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru almennar reglur um að vegfarandi skuli fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum sem meðal annars eru gefnar með merkingum á yfirborði vegar. Í 18. gr. laganna kemur fram að ökumaður skuli vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til umferðar og aðstæðna að öðru leyti og í 22. gr. laganna er svo kveðið á það þegar ökutæki mætast að gæta skuli að því að nægilegt hliðarbil sé á milli þeirra og aka beri varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Ef brotið er gegn framangreindum ákvæðum er unnt að sekta ökumann. Í lögregluskýrslu sem er fyrsta gagn málsins kemur fram hjá vitni að hún hafi séð tvær bifreiðar koma úr gagnstæðri átt og skella saman með þeim afleiðingum að þær skutust upp í loftið. Í skýrslu sem var tekin af ökumanninum sem M ók framan á kemur fram að hann hafi séð bifreið M stefna að sér og hafi hann reynt að aka út í kant en bifreiðin hefði ekið stjórnlaust á sig þar sem hann var nánast komin út af malbikinu. Í skýrslu sem var tekin af farþega sem var í bílnum með M kemur fram að hún viti ekki hvað olli því að bifreiðarnar skullu saman. Í annarri skýrslu segir farþeginn að þær hafi verið að pæla í þéttu skýi eða mistri yfir himninum.

Það er ljóst af lögregluskýrslu að bifreiðarnar skullu saman og því hefur ekki verið mótmælt að M hafi ekið yfir á vegarhelminginn þar sem umferð var á móti. Markmið umferðarlaga er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi. Eins og að framan er rakið kemur fram í umferðarlögunum að ökumaður skuli aka varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi. Af einhverjum ástæðum hefur M ekki gætt þeirrar varúðar sem henni bar sem ökumanni og verður að líta svo á að það teljist til stórkostlegs gáleysis að aka stjórnlaust yfir á rangan vegarhelming. Vegna þess er fallist á að það bætur M séu skertar um 25% með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V en skerða skal bætur til hennar um ¼ hluta.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir